

Stjórnvaldssekt vegna brots á 62. gr. og 63. gr. laga nr. 33/2003 um verðbréfavíðskipti.

Þann 29. ágúst 2006 sektaði stjórn Fjármálaeftirlitsins fruminnherja í tilteknu félagi vegna brots á 62. gr. og 63. gr. laga nr. 33/2003 um verðbréfavíðskipti (vvl).¹

Stjórn Fjármálaeftirlitsins komst að þeirri niðurstöðu að fruminnherjinn hefði brotið gegn 62. gr. og 63. gr. vvl. þegar hann rannsakaði hvorki né tilkynnti fyrirfram um víðskipti fjárhagslega tengds aðila með hlutabréf í útgefandanum og tilkynnti ekki um víðskiptin eftir á innan tilskilinna tímamarka.

Var það mat stjórnar Fjármálaeftirlitsins að ekki væri ástæða til að vísa málinu til refsimeðferðar hjá ríkislögreglustjóra, skv. 75. gr. vvl., heldur væri það þess eðlis að rétt væri að ljúka því með stjórnvaldssekt í samræmi við heimildir Fjármálaeftirlitsins í 74. gr. vvl. Með hliðsjón af atvikum málsins þótti hæfileg sekt vera kr. 50.000.

¹Um er að ræða fruminnherja sem er einnig stjórnandi í skilningi 64. gr. vvl., en þar sem víðskiptin voru undir kr. 500.000 að markaðsvirði og þ.a.l. ekki birtingarskyld í Kauphöll Íslands, falla þau undir undanþágu á birtingu samkvæmt gagnsæisstefnu Fjármálaeftirlitsins. Gagnsæisstefnuna og útfærslu á henni má finna á heimasíðu eftirlitsins.